

Til heiðurs Sigrúnu Aðalbjarnardóttur

Þetta hefti *Tímarits um uppeldi og menntun* árið 2019 er gefið út til heiðurs Sigrúnu Aðalbjarnardóttur, prófessor í uppeldis- og menntunarfræðum. Sigrún lét formlega af störfum við Háskóla Íslands síðastliðið sumar eftir rúmlega 30 ára farsælan starfsferil við skólann.

Haustið 2018 fengu samstarfskonur hennar á rannsóknastofunni *Lífshættir barna og ungmenna* þá hugmynd að gefa út greinasafn henni til heiðurs. Þær höfðu samband við ritstjóra tímaritsins og úr varð þetta hefti. Gerður var samningur við þrjá gestaritstjóra sem tóku að sér umsjón með útgáfunni: Hrund Þórarins Ingudóttur og Ragnýju Þóru Guðjohnsen, en þær hafa báðar starfað með Sigrúnu í rannsóknum, og Ingólf Ásgeir Jóhannesson sem þær fengu í lið með sér við ritstjórnina. Gestaritstjórnir mótudu áherslur í heftinu og óskuðu eftir greinum frá rannsakendum sem Sigrún hefur starfað með eða sem starfa á rannsóknarsviðum sem hún hefur fengist við eða tengst. Gestaritstjórar skiptu með sér verkum við að taka við handritum, stýra ritrýningarferli og samþykkja handritin fyrir sitt leyti en ritstjórar tímaritsins tóku lokaafstöðu til birtingar hvers og eins handrits.

Fremst í heftinu er viðtal við Sigrúnu sem ber yfirskriftina „Við sem uppalendur og samfélag stöndum ávallt frammi fyrir þeirri spurningu hvaða veganesti komi æskunni best.“ Þar var Sigrún beðin um að segja frá bakgrunni sínum, skólagöngu, starfsferli og rannsóknum og því sem henni er efst í huga á sviði uppeldis og menntunar.

Því næst eru birtar níu ritrýndar greinar sem tengjast á einn eða annan hátt faglegum áhuga Sigrúnar og rannsóknum hennar enda þótt umfjöllunarefni séu ólík. Í greinunum er fjallað um: félagslegan ójöfnuð og lök lífsskilyrði unglinga sem heilsufarslegan áhættuþátt, rannsóknir á hugmyndum kennara um starf sitt, menntun og þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna á Íslandi, leiðsagnargildi gagna við mótun menntastefnu og skólastarfs, lýðræðislega hæfni og borgaravitund, borgaravitund, gildismat ungmenna í ljósi uppeldissýnar foreldra, virðingu sem lykilsþáttur í kynheilbrigði, sjálfstjórnun og þýðingu hennar fyrir þroska barna og ungmenna og lýðræðisleg gildi, samræðu og hlutverk menntunar. Gestaritstjórar og ritstjórar heftisins þakka öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóg við útgáfu þess.

Dedicated to Sigrún Aðalbjarnardóttir

This 2019 issue of the *Icelandic Journal of Education* is dedicated to Sigrún Aðalbjarnardóttir, professor of pedagogy and education, who formally retired from her position at the University of Iceland after a highly successful career of more than thirty years.

In autumn 2018, her women colleagues at the research centre *Challenges Facing Children and Young People* initiated the idea of publishing a compilation of articles in her honour. They contacted the journal editors and this publication is the result of that meeting. An agreement was concluded with three guest editors who undertook to supervise the publication and shape its content; the editors in question are Hrund Þórarins Ingu-dóttir, Ragný Þóra Guðjohnsen and Ingólfur Ásgeir Jóhannesson.

The first part of the issue comprises an interview with Sigrún Aðalbjarnardóttir, titled *“We as educators, and the community, are always faced with the question of which pathway is young people’s best preparation for adulthood.”* In the interview, she was asked about her background, schooling, career and research, as well as her fundamental concepts relating to the field of pedagogy and education. The issue then continues with the presentation of nine peer-reviewed articles whose content is, in one way or another, relevant to Sigrún Aðalbjarnardóttir’s professional interests and research activities.

The guest editors and editors of this issue wish to express their gratitude to all those who have contributed to the publication of this issue.